

REGLUGERÐ

fyrir Heilsugæslustöð Kópavogs.

1. gr.

Heilsugæslustöð Kópavogs er H-2 stöð. Starfssvæði hennar er Kópavogsumdæmi.

2. gr.

Stjórn heilsugæslustöðvarinnar skal skipuð þremur mönnum. Bæjarstjórn Kópavogs kys tvo menn og starfslið heilsugæslustöðvarinnar einn úr sínum hópi. Kjörtímabil stjórnarinnar er hið sama og sveitarstjórnar.

3. gr.

Bæjarskrifstofur Kópavogs skulu annast bókhald og aðrar fjárreiður stöðvarinnar.

4. gr.

Heilsugæslulæknar stöðvarinnar mynda lækna ráð og kjósa sér formann, sem jafnframt er yfirlæknir stöðvarinnar.

5. gr.

Við heilsugæslustöðina skal starfa hjúkrunarforstjóri, sem skipaður er af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

6. gr.

Yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri eiga rétt til setu á stjórnarfundum. Þeir hafa þar tillögurétt og málfrelsi, og skal boða þá á fund eins og stjórnarmenn.

Yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri skulu vera stjórn heilsugæslustöðvarinnar til ráðgjafar um málefni heilsugæslustöðvarinnar, svo sem fjármál, starfsmannahald, nýbyggingar og breytingar á húsnæði, svo og kaup á áhöldum og húsbúnaði.

7. gr.

Yfirlæknir kemur fram út á við sem læknisfróður forsvarsmaður heilsugæslustöðvarinnar. Hann skipuleggur og hefur faglega umsjón með lækningastarfsemi og endurhæfingu, sem fram fer á stöðinni. Yfirlæknir sér um skýrslugerðir til opinberra aðila, sbr. lög og reglugerðir þar um.

8. gr.

Hjúkrunarforstjóri skipuleggur og hefur faglega ábyrgð á hjúkrunarþjónustu heilsugæslustöðvarinnar.

Hjúkrunarforstjóri skipuleggur og stjórnar daglegri starfsemi ásamt yfirlækni. Hann sér um innkaup á lyfjum, hjúkrunarvörum og öðrum rekstrarvörum og hefur eftirlit með notkun á þeim.

9. gr.

Á heilsugæslustöð Kópavogs skal veitt þjónusta, svo sem hér segir:

1. Almenn lækniþjónusta, vaktþjónusta og vitjanir til sjúklinga.
2. Lækningarannsóknir.
3. Sérfræðileg lækniþjónusta.
4. Heimilishjúkrun.
5. Heilsuverndargreinar eftir því sem við verður komið:
 - 5.1 Mæðra vernd.
 - 5.2 Ungbarna- og smábarnavernd.
 - 5.3 Heilsugæsla í skólum.

- 5.4 Berklavarnir.
- 5.5 Kynsjúkdómavarnir.
- 5.6 Geðvernd, áfengis- og aðrar fíkniefnavarnir.
- 5.7 Sjónvernd.
- 5.8 Heyrnarvernd.
- 5.9 Heilsuvernd aldraðra.
- 5.10 Hópskoðanir og skipulögð sjúkdómaleit.
- 5.11 Félagsráðgjöf.
- 5.12 Umhverfisheilsuvernd.
- 5.13 Atvinnusjúkdómavarnir.
- 6. Endurhæfing.
- 7. Tannlækningar, þegar og ef stöðinni verður gert kleift að veita þá þjónustu.

10. gr.

Um ráðningu starfsmanna fer sem hér segir:

Ráðherra skipar heilsugæslulækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæður. Stjórnin ræður aðra lækna til sérfræðilegrar lækniþjónustu samkvæmt tillögum læknaáðs stöðvarinnar og annað starfslíð í samráði við hjúkrunarforstjóra og yfirlækni.

11. gr.

Heilsugæslulæknar annast lækniþjónustu samkv. 9. gr. Læknaráð gerir tillögur til stjórnar heilsugæslustöðvarinnar um þá þjónustu, sem hagkvæmara er að sækja til sjúkrastofnana eða veita í samvinnu við önnur sveitarfélög, svo sem nætur- og helgidagavaktir lækna.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórninni er heimilt, fyrst um sinn og þar til málum kann að verða á annan hátt skipað, að leigja út starfsaðstöðu í heilsugæslustöðinni til endurhæfingar eða annarrar þjónustu samkvæmt 9. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. júlí 1980.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi.

I. KAFLI.**Gatnagerðargjöld A.**

Um þátttöku lóðarhafa við að gera undirbyggða götu með tilheyrandi lögnum.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóð í Vatnsleysustr.hr. skal greiða gatnagerðargjöld til sveitarsjóðs samkvæmt reglugerð þessari.